2846	1886-119	Bitill	Ób.v/Skjálfanda fljót	Bitill	Járn	1	L	Hermann Jónasson	1886	Bitull úr járni, heill og ósamsettur. Hann er sívalur og beinn, lykkjur eru á báðum endum og stórir beislihringar úr járni í þeim. Bitullinn er talinn forn og fannst blásinn upp úr sandi upp í óbyggðum fyrir vestan Skjálfandafljót þar sem kallaðir eru melar. Hann er sumstaðar mjög ryðbrunnin og höldin mjög slitin að innan. Lengd: 15cm. Þverm: 0,9cm. Þvermál járnhringa:(utan)9,8cm og 10,2cm. (innan) 1,1cm.

2847	1886-120	Skeifa	Ób.v/Skjálfanda fljót	Skeifa	Járn	1	L	Hermann Jónasson	1886	Skeifa, mjög slitin og ryðbrunnin. Hún er sérstök að því leyti að hún er fimmboruð og er eitt gatið á tánni. Stappað er niður fyrir naglhausunum sem gefur til kynna að þeir hafi verið aflangir því förin eru eftir skeifunni endilangri. Hún hefur ekki verið járnmiki því undan götunum er hefur röndin gefið sig inn er þau voru drepin á, sum eru rétt á miðjunni. Hælarnir eru einnig mjög slitnir, nánst ef. Samkvæmt Aðfangabók fannst skeifan um 2 mílum frá efstu bæjum er liggja upp til fjalla ofan Skjálfandafljóts, en þar var áður meiri byggð. Segir þar að þar sé nú einn bær, Íshóll, en að sjáist votta fyrir fleiri tóftum þar á meðal Hofgörðum. Lengd: 9 cm. Breidd járnsins mest: 2,3 cm. Þvermál mest: 10,8 cm. Þykkt: 0,5 cm.
4184	1895-117	Hringja	Hafursstaðir	Hringja	Kopar blanda	1	L	Ólafur Magnús son	1895	Lítil hringja af beisli eða reiða úr kopar. Hún er með gagnskornum og klofnum spaða aftur úr og hefur ólinni verið smeygt þar inn á milli. Utan um ásinn að framanverðu, undir þorninu, er steyptur kúptur hringur og er djúp skora um hann þveran undir þorninum en aðrar minni í ská utan með. (Aðfangabók.)
4337	1896-115	Hnappur	Suðurárhraun	Hnappur	Kopar blanda	1	L	Benedikt Sveinsson	1896	Hnappur úr látúni og hefur platan ofan á honum losnað frá neðri hlutanum, á hana er rist með fornu hnútakroti. Boginn eirnagli gengur í gegnum hnappinn og myndar fótinn. Fundinn í moldarbarði í Suðurárhrauni, sem er nyrst í Ódáðahrauni.

4338	1896-116	Örvaroddur	Svartárkot	Örva roddur	Járn	1	L	Benedikt Sveinsson	1896	Örvaroddur úr járni. Örmjór í oddinn, sem er ryðétinn, en breikkar jafnt að miðju með hvassri egg til beggja hliða og hrygg í miðjunni beggja megin. Fyrir aftan miðju mjókkar hann og þykknar og verður ferstrendur en mjókkar þar aftur og verður oddmjór. Gæti verið lítið spjót sem hefði þá gengið niður í skaftið þar sem enginn falur er á því. Lengd: 13,5 cm. Breidd: 1,5 cm.
4339	1896-117	Bjúghnífur	Svartárkot	Hnífur	Járn	1	L	Benedikt Sveinsson	1896	Bjúghnífur. Frekar ryðétinn að aftan og er ferhyrnt gat á miðju blaðinu. Lengd: 4 þuml. Breidd: 1 þuml.
4539	1899-3	Tala	Fiská?	Sörvis tala	Steinn	1	F	Daniel Bruun	1899	Tala úr steinasörvi með gati í miðjunni og rauðum, gulum og dökkum rákum. Aðallega er hún svört en gult band lagt í krákustíg í röndina og rauðir, dökkleitir þræðir um brúnir og rönd á eftir. Hún er snúðmynduð og flöt beggja vegna en kúpt á rönd. Þykkt: 7-8mm, þvermál: 1,8 cm, þvermál gats: 6 mm.
4540	1899-4	Snúður	Fiská?	Snældu snúður	Steinn	1	F	Daniel Bruun	1899	Steinsnúður, örlítill, úr móleitum, óþéttum steini. Vafalaust forn snældusnúður en óvenjulítill og nokkuð eyddur. Þykkt: 8-9 mm í miðju (er kúptur). Þvermál: 2,4 cm. Þvermál gats: 7-8 mm efst en 10 mm neðst.

4542	1899-6	Eldstál	Hrauntunga Suðurárbotnar	Eldstál	Járn	6	F	Daniel Bruun	1899	Ýmislegt járnarusl, ókennilegt, þar á meðal lítið járn sem líkist eldtáli í laginu. Þetta eru 6 stykki: a) Eldstál, breiðara fyrir miðju en endarnir mjórri og beygðir á rönd upp og sveigðir saman. Smákringla á hvorum enda sem mynda þá handfang. Breidd: 2 cm. Lengd: 5 cm. Þykkt f/miðju: 6 mm. b) Teinn, ferstrendur og boginn í annan enda. Kann að hafa verið öngull en agnhaldið þá af. Lengd: 7,2 cm. c) Hestskónagli. Lengd: 3,6 cm. d-e) 2 naglar hauslausir. Lengd: 3,4 cm og 5,2 cm. f) Járnþynna, lítil með gati.
4600	1899-69	Sverð	Framdalir S-Þingeyjarsýslu	Sverð	Járn	1	L	?	1899	Sverð, talið vera frá 9-10 öld og norskt að uppruna. Hjöltun, miðhluti og efsti hluti af brandinum er samfast og heillegt, en aðeins fjögur brot af fremri hlutanum af brandinum. Lengd heillega hlutans er 42 cm, miðhlutinn 9,5 cm, hjöltin 1,7 cm á breidd hvort um sig og brandurinn 29,1 cm að lengd en 5,5 cm á breidd við hjaltið en 4,6 cm fremst. Hann er með 2 hryggjum hvoru megin, eru annars vegar um 2 cm en hins vegar um 2,5 -2,7 í milli þeirra. Þykkt er mest um 4 mm en sumstaðar er miðjan gagnétin af ryði. Tanginn(miðhlutinn) er 1,9 -2,5 cm á breidd. Hjöltin eru 8,3 og 13,5 cm á lengd og ferstrend í gagnskurð og 2,2 -2,5 cm að þykkt fyrir miðju en dálítið minni út til endanna. Lausu brotin eru 10,7, 10,5, 12,3 og 9,3 cm að lengd. (Aðfangabók.)

4601	1899-70	Spjót	Framdalir S-Þingeyjarsýslu	Spjót	Járn	1	L	?	1899	Spjót, talið vera frá 9-10 öld. Lengd: 36 cm, þar af er fjöðrin 26 cm og falurinn 13 cm. Fjöðrin er 3,5 cm þar sem hún er breiðust. Falurinn er 1,2-2,1 cm í þvermál og 9,2 cm að dýpt. Annað geirnaglagatið er 5 mm að þvermál, hitt er rifið eða ryðbrunnið af falnum. Hryggur greinilegur eftir miðju beggja vegna og er um 7 mm þykkastur. í eggjarnar eru stór og smá skörð. Frá eggjaendanum og að fal eru 3 cm og eru bogar þar á.
5585	1908-125	kringla	Svartárkot	Kringla	Kopar blanda	1	F	Daniel Bruun	1908	Kringla úr bronsi með letri og öðru verki. Einnig ýmislegt annað smádót (9 naglabútar, 9 járnbútar, 9 smásteinar o.fl.) Fannst í öskuhaug í rústum Svatrárkots.
5770	1909-119	Vefjarskeið	Sandmúli	Vefjar skeið	Bein	1	F	Erlendur Þórðarson	1908	Vefjarskeið úr hvalbeini, orðin mjög eydd. Líklega frá 1000-1200. Lengd: 40,8 cm. Breidd: 4,9 cm.
5771	1909-120	Bollasteinn	Sandmúli	Bolla steinn	Steinn	1	F	Erlendur Þórðarson	1908	Lítill, kringlóttur bollasteinn. Gæti mögulega hafa verið lampi
5772	1909-121	Hnífsblað	Sandmúli	Hnífur	Járn	1	F	Erlendur Þórðarson	1908	Hnífsblað með mjóum tanga.
5773	1909-122	Öngull	Sandmúli	Öngull	Járn	1	F	Erlendur Þórðarson	1909	Lítill járnöngull með krók á endanum. Frá 1000-1100. Lengd: 4,3 cm
5774	1909-123	Nagli	Sandmúli	Nagli	Járn	1	F	Erlendur Þórðarson	1908	Nagli úr járni. Lengd: 7 cm.
5775	1909-125	Greiða	Sandmúli	Greiða	Bein	1	F	Erlendur Þórðarson	1908	Tvö greiðubrot úr beini.
5776	1909-126	Snúður	Sandmúli	Snældu snúður	Steinn	1	F	Erlendur Þórðarson	1908	Brot af snúð úr rauðum steini.
5777	1909-127	Perla	Sandmúli	Perla	Raf	1	F	Erlendur Þórðarson	1908	Perlubrot úr rafi.
5778	1909-128	Perla	Sandmúli	Perla	Gler	1	F	Erlendur Þórðarson	1908	Perla úr gleri, blá að lit.
5779	1909-129	Perla	Sandmúli	Perla	Bein	1	F	Erlendur Þórðarson	1908	Perla úr beini, hvít að lit.

5780	1909-130	Steinn	Sandmúli	Steinn	Steinn	1	F	Erlendur Þórðarson	1908	Grár steinn, sporöskjulagaður, flatur annars vegar en kúptur hins vegar og er gróf í röndina umhverfis hann.
5781	1909-131	Smásteinn	Sandmúli	Steinn	Steinn	3	F	?	1909	Þrír litlir og lágbarðir smásteinar.
5782	1909-132	Þynna	Sandmúli	Þynna	Kopar blanda	1	F	Erlendur Þórðarson	1909	Lítil bronsþynna með 3 öngum út frá.
5869	1909-232	Mél	Sandmúli	Mél	Járn	1	F	Erlendur Þórðarson	1909	Járnmél með hringum. Mélin hafa verið slegin ferstrend og hringarnir flatir.
5870	1909-235	Hnífsblað	Sandmúli	Hnífur	Járn	4	F	Erlendur Þórðarson	1909	Fjögur lítil hnífsblöð, öll með tanga. Mjög ryðguð.
5871	1909-337	Öngull	Sandmúli	Öngull	Járn	1	F	Erlendur Þórðarson	1908	Lítill járnöngull með krók á endanum. Frá 900-1100.
5872	1909-238	Nál	Sandmúli	Nál	Járn	1	F	Erlendur Þórðarson	1909	Nál úr járni, líklega með löngu auga. Talin vera frá því um 1200. Lengd:4,8 cm. Þykkt: 0,3 cm.
5873	1909-239	Nál	Sandmúli	Nál	Bein	1	F	Erlendur Þórðarson	1909	Beinnál með auga, mjög eydd.
5874	1909-240	Ró	Sandmúli	Ró	Járn	1	F	Erlendur Þórðarson	1909	Járnró með gati, mjög eydd.
5875	1909-243	Hófnagli	Sandmúli	Nagli	Járn	5	F	Erlendur Þórðarson	1909	Naglar úr járni, fimm talsins. Flestir ef ekki allir hófnaglar.
5876	1909-247	Kengur	Sandmúli	Kengur	Járn	2	F	Erlendur Þórðarson	1909	Tveir kengir úr járni.
5877	1909-248	Járnbútur	Sandmúli	Brot	Járn	30	F	Erlendur Þórðarson	1909	Járnbútar, um þrjátíu talsins, litlir of ryðétnir.
5878	1909-253	Brýni	Sandmúli	Brýni	Steinn	6	F	Erlendur Þórðarson	1909	Brýnisbrot, sex talsins, tvö úr hein en hin úr sandsteini.
5879	1909-255	Snúður	Sandmúli	Snældu snúður	Steinn	3	F	Erlendur Þórðarson	1909	Þrjú lítil snúðbrot úr rauðum steini.
5880	1909-257	Steinbrot	Sandmúli	Steinn	Steinn	2	F	H. Erkes	1910	Tveir litlir, rauðir og mjúki steinar með gati.
5881	1909-262	Greiða	Sandmúli	Greiða	Bein	5	F	Erlendur Þórðarson	1909	Fimm lítil greiðubrot úr beini.
5881	1909-264	Snúður	Sandmúli	Snældu snúður	Bein	1	F	Erlendur Þórðarson	1909	Mjög eyddur snúður úr beini með mjóu gati.
5882	1909-263	Snældusnúður	Sandmúli	Snældu snúður	Bein	1	F	Erlendur Þórðarson	1909	Snúður úr beini, mjög eyddur og með víðu gati.

5884	1909	Gangsilfur	Sandmúli	Gang silfur	Silfur	36	F	Erlendur Þórðarson	1909	Forn silfursjóður. Samtals 36 gripir. Þyngd: 304 gr. 1. Brot af hringju með miklu verki. 2-3. Brot af menjum. 4. Brot af armbaug. 5. Lítið brot með verki. 6. Lítill slöngubaugur. 7-11. Óvandaðir lítlir hringar. 12-36. Silfurbútar og brot, sívöl og ferstrend, sum bein en flest bogin, mjög misjöfn að lengd, þykkt og þyngd.
5885	1909-301	Skafi	Helgastaðir	Skafi	Járn	1	F	Erlendur Þórðarson	1909	Skafi úr járni með tanga. Líklegast vefjaráhald frá 1000-1550. Lengd: 8 cm og Breidd: 3,7 cm.
5886	1909-302	Hnífsblað	Helgastaðir	Hnífur	Járn	1	F	Erlendur Þórðarson	1909	Lítið hnífsblað með tanga, ryðétið. Lengd: 12,2 cm. Fannst á Helgastöðum í Króksdal haustið 1909.
6051	1910-158	Netsteinn	Sandmúli	Steinn	Steinn	10	F	H. Erkes	1910	Tíu netsteinar með gati frá náttúrunnar hendi. Einn þeirra stærstur og gæti hafa verið á endareipinu. Í Aðfangabók Þjóðminjasafnsins segir að líklegra sé að þessir steinar séu netsteinar fremur en kljásteinar.
6052	1910-161	Brýni	Sandmúli	Brýni	Steinn	4	F	H. Erkes	1910	Fjögur brýnisbrot úr þremur steintegundum.
6054	1910-166	Greiða	Sandmúli	Greiða	Engar uppl.	3	F	H. Erkes	1910	Þrjú greiðubrot. Það stærsta með huta af kinnunum beggja vegna og útskornu verki á þeim. Frá 900-1000.
6055	1910-166	Hnífsblað	Sandmúli	Hnífur	Járn	1	F	H. Erkes	1910	Hnífsblað úr járni með tanga. Lengd: 4,5 cm. Breidd: 1,7 cm.
6058	1910-172	Dýrstönn	Sandmúli	Dýrs tönn	Tönn	2	F	H. Erkes	1910	Tveir jaxlar úr stórgrip.
6059	1910-174	Vefjarskeið	Sandmúli	Vefjar skeið	Bein	1	F	Erlendur Þórðarson	1909	Brot af vefjarskeið úr hvalbeini og vantar framan af blaðinu. Líklega frá 1000-1200. Lengd: 37,8 cm. Breidd: 3,8 cm.
6060	1910-175	Snældusnúður	Sandmúli	Snældu snúður	Steinn	1	L	Jón Þorkels son	1905	Snældusnúður úr rauðleitum steini, hálfkúlumyndaður. Fannst í Sandmúlarústum og er líklega frá Landnámsöld. Þvermál: 4,1 cm. Þykkt: 2,1 cm.

10103	1927-97	Fiskistingur	Hátungur	Fiski stingur	Járn	1	L	Þorkell Jóhannes son	1927	Ryðétinn járnstingur með oddi og agnarhaldi framarlega. Lengd: 17 cm. Fannst í uppblasnu eyðibýli í Hátungum, rétt fyrir neðan Svartárkot.
10105	1927-99	Hnífsblað	Smiðjuskógar	Hnífur	Járn	1	L	Þorkell Jóhannes son	1927	Hnífblað úr járni af tálguhníf sem fannst við uppblásna bæjarrúst í Smiðjuskógum á Króksdal. Lengd: 11,9 cm. Lengd tanga: 4 cm. Breidd: 1 cm.
10106	1927-100	Lauf	Hátungur	Lauf	Járn	1	L	Þorkell Jóhannes son	1927	Járnlauf, beygt í lykkju í mjórri endann. Lengd: 4,6 cm. Breidd: 0,9-1,3 cm. Fannst í uppblasnu eyðibýli í Hátungum, rétt fyrir neðan Svartárkot.
10107	1927-101	Krókur	Hátungur	Krókur	Járn	1	L	Þorkell Jóhannes son	1927	Járnkrókur lítillega beygður á báðum endum. Lengd: 5,1 cm. Breidd: 0,1-0,9 cm. Fannst í uppblasnu eyðibýli í Hátungum, rétt fyrir neðan Svartárkot.
10108	1927-102	Járnbrot	Smiðjuskógar	Brot	Járn	1	L	Þorkell Jóhannes son	1927	Ferhyrnt járnbrot, flatt og frekar þunnt. Lengd: 5,1 cm. Breidd: 2,3 cm.
10109	1927-103	Járnbrot	Smiðjuskógar	Brot	Járn	1	L	Þorkell Jóhannes son	1927	Brot úr járni, flatt en dálítið undið. Lengd: 4,9 cm. Breidd: 1,7 cm. Þykkt: 0,5 cm.
10110	1927-104	Naglhaus	Hátungur	Nagli	Járn	1	L	Þorkell Jóhannes son	1927	Kringla úr járni sem líkist naglhaus, ekki alveg kringlótt þó en dálítið hvelfd. Þvermál: 3 cm. Fannst í uppblásnu eyðibýli í Hátungum, rétt fyrir neðan Svartárkot.
10111	1927-105	Hnífsblað	Smiðjuskógar	Hnífur	Járn	1	L	Þorkell Jóhannes son	1927	Járnbrot, gæti verið tangi af litlu hnífblaði. Lengd: 4,7 cm. Breidd: 1,4 cm. Þykkt: 0,2 cm.
10112	1927-106	Taflmaður	Smiðjuskógar	Tafla	Steinn	1	L	Þorkell Jóhannes son	1927	Tafla úr hnefatafli. Taflan er úr tálgusteini og er hola í henni að neðan. Þvermál: 2,2-2,4 cm. Hæð: 1,6 cm.
10113	1927-107	Snældusnúður	Hátungur	Snældu snúður	Steinn	1	L	Þorkell Jóhannes son	1927	Hálfur snældusnúður úr rauðleitum steini. Þvermál: 4,2 cm. Þvermál gats: 0,9-1,1 cm. Þykkt: 1,7 cm. Fannst í uppblásnu eyðibýli í Hátungum, rétt fyrir neðan Svartárkot.

10114	1927-108	Steinbrot	Smiðjuskógar	Brot	Steinn	1	L	Þorkell Jóhannes son	1927	Steinbrot úr rauðleitum steini, mögulega af snældusnúð. Lengd: 4,2 cm. Breidd: 2,2 cm. Þykkt: 1,3 cm.
10115	1927-109	Brýni	Smiðjuskógar	Brýni	Hein	1	L	Þorkell Jóhannes son	1927	Brot úr brýni. Lengd: 4,7 cm. Breidd: 1,3 cm. Þykkt: 0,5-0,7 cm.
10116	1927-110	Steinn	Smiðjuskógar	Steinn	Steinn	1	L	Þorkell Jóhannes son	1927	Blágrýtisbrot, snúið og slétt af nátturinnar völdum. Steinninn virðist hafa lent í eldi, gæti hafa verið notaður í hlóðum. Lengd: 8,4 cm. Breidd: 5,4-8,4 cm. Þykkt: 5,9 cm.
10117	1927-111	Steinn	Smiðjuskógar	Steinn	Steinn	1	L	Þorkell Jóhannes son	1927	Blágrýtisbrot, snúið og slétt af nátturinnar völdum. Steinninn virðist hafa lent í eldi, gæti hafa verið notaður í hlóðum. Lengd: 9 cm. Breidd: 10,3 cm. Þykkt: 4,3 cm.
10119	1927-113	Klömbrur	Helgastaðir	Klömbur	Hval bein	2	L	Þorkell Jóhannes son	1927	Klömbrur úr hvalbeini er fundust á Helgastöðum í Króksdal. Klömbrunum er haldið saman með rónagla úr járni og er dálítið brot á öðrum beininu. Beinin eru hvit og skinin sem gefur til kynna að þau hafi legið lengi á bersvæði. Lengd: 10,9 cm. Breidd: 2 cm.
11704	1935-23	Sörvistala	Sandmúli ?	Tala	Stein n	1	L	Guðmund ur Bárðarson	1935	Sörvistala úr dökkgráum steinum með hvítum kvarseitlum og gati sem er þó ekki alveg í miðjunni, óreglulega kringlótt. Í Aðfangbók segir: "Talan er líklega forn því hún minnir á glertölur frá víkingatíma". Þvermál:2-2,1 cm. Þykkt: 1 cm. Talan kemur úr dánarbúi Guðmundar Bárðarsonar, prófessors, og fannst í bæjarrústum eyðibýlis í Bárðardal, líklega Sandmúla.

11705	1935-24	Greiða	Sandmúli ?	Greiða	Bein/ kopar bl.	8	L	Guðmundur Bárðarson	1935	Átta brot úr sömu greiðunni, fornum kambi með víkingaraldalagi. Kamburinn hefur verið gerður úr þykku horni og negldur saman með járnnöglum. Í Aðfangabók segir: "Okarnir hafa verið skreyttir með gröfnu tíglaneti, en auk þess hafa þeir verið gagnskornir uppi við hrygginn og brons fellt í gegnskurðinn. Bronsið er dottið úr en spanskgrænan segir til um að svona hafi þetta verið". lengsta brotið úr kambinum er 10,9 cm. Greiðubrotin koma úr dánarbúi Guðmundar Bárðarsonar, prófessors, og fundust í bæjarrústum eyðibýlis í Bárðardal, líklega Sandmúla.
11706	1935-25	Beislisádráttur	Sandmúli ?	Ádráttur	Kopar blanda	1	L	Guðmundur Bárðarson	1935	Í Aðfangabók segir: "Ádráttur úr kopar, ferskeyttur með kringlóttu gati í hverjum fjórðungi... Í miðjunni hefur verið lítið gat og járnagli í og eru brúnirnar allar þverstrikaðar". Þvermál: 2,65 cm. Kemur úr dánarbúi Guðmundar Bárðarsonar, prófessors, og fannst í bæjarrústum eyðibýlis í Bárðardal, líklega Sandmúla.
11707	1935-26	Löm	Sandmúli ?	Löm	Járn	2	L	Guðmundur Bárðarson	1935	Tvö járnstykki, lítil og flöt. Vafið er upp á endann á öðru þeirra og er lengd þess 2,1 cm en hitt er minna.
11708	1935-27	Þynna	Sandmúli ?	Þynna	Blý	1	L	Guðmundur Bárðarson	1935	Þynna úr blýi,, vafin upp í einskonar sívalning eða hólk. Lengd: 3,15 cm. Þvermál: 9 mm. Þynnnan kemur úr dánarbúi Guðmundar Bárðarsonar, prófessors, og fannst í bæjarrústum eyðibýlis í Bárðardal, líklega Sandmúla.
11709	1935-28	Krítarpípa	Sandmúli ?	Krítar pípa	Krít	1	L	Guðmundur Bárðarson	1935	Brot af krítarpípu. Lengd: 2,5 cm. Brotið kemur úr dánarbúi Guðmundar Bárðarsonar, prófessors, og fannst í bæjarrústum eyðibýlis í Bárðardal, líklega Sandmúla.

11902	1936-4	Hringprjónn	Sandmúli	Hring prjónn	Kopar blanda	1	L	Pétur Ólafsson	1936	Hringprjónn úr bronsi. Hringurinn er úr sívölum þræði og mjórri í endana en í miðju. Hausinn er teningslaga og eru öll hornin sneidd af, koma þannig fram margir fletir. Á miðjufletina, framan og aftan, eru ristir einfaldir ferhyrningar en annars er prjónninn óskreyttur. Leggurinn er sívalur að ofan en ferstrendur að neðan. Er prjónninn talinn vera í ætt við hina skosk-keltnesku hringprjóna. Lengd: 4,8 cm (án haus). 5,6 cm (með haus).
11903	1936-5	Hringluhetta	Sandmúli	Hringlu hetta	Járn	1	L	Pétur Ólafsson	1936	Hringluhetta úr járni og eru bæði barð og króna með einföldu skrauti. Þvermál: 4,7 cm. Hæð: 2,2 cm.
13458	1945-74	Tafla	Sandmúli	Tafla	Steinn	1	F	Steindór Steindórs son	1945	Tafla úr hnefatafli, toppmynduð, gerð út rauðum sandsteini. (Eins í lögun og töflurnar frá Baldursheimi). Þvermál: 2,4 cm. Hæð: 1,9 cm.
13459	1945-75	Tala	Sandmúli	Tala	Steinn	1	F	Steindór Steindórs son	1951	Forn tala úr rauðu steinasörvi. Kúlulaga með flötum skautum en þykkari öðru megin. Þvermál: 1,5 cm. Þykkt: 1 cm (mest) og 8,5 mm (minnst).
13460	1945-76	Doppa	Sandmúli	Doppa	Kopar blanda	1	F	Steindór Steindórs son	1945	Látúnsdoppa með leifar af járnnagla inn í. Þvermál: 1,3 cm. Hæð: 0.7 cm.
13461	1945-77	Hnífur	Sandmúli	Hnífur	Járn	1	F	Steindór Steindórs son	1951	Hnífsblað úr járni. Lengd: 7 cm. Breidd: 1,2 cm.
14733	1951-14	Rauðablásturs gjall	Sandmúli	Gjall	Járn	1	L	Finnur Guðmunds son	1951	Flatur og þunnur gjallmoli (rauðablástur), frekar reglulegur í lögun. Þungd: 380 gr.
14764	1951-5	Brýni	Sandmúli	Brot	Steinn	1	L	Finnur Guðmunds son	1951	Heinbrýnisstubbur, fundin á bæjarstæði Sandmúla. Lengd: 3,9 cm.
14765	1951-6	Brýni	Sandmúli	Brýni	Steinn	1	L	Finnur Guðmunds son	1951	Þunnur brýnistubbur úr dökkgráu flögubergi (skífer). Lengd: 4,2 cm.
14766	1951-7	Brýni	Sandmúli	Brýni	Steinn	1	L	Finnur Guðmunds son	1951	Brýnistubbur úr grágulu flögubergi. Lengd: 2,9 cm.

14767	1951-8	Brýni	Sandmúli	Brýni	Steinn	1	L	Finnur Guðmundsson	1951	Brýnistubbur úr grágulu flögubergi. Lengd: 3,7 cm.
14768	1951-9	Brýni	Sandmúli	Brýni	Steinn	1	L	Finnur Guðmundsson	1951	Brýnistubbur úr grágulu flögubergi. Lengd: 8,4 cm.
14769	1951-10	Brýni	Sandmúli	Brýni	Steinn	1	L	Finnur Guðmundsson	1951	Brýni, þunnt og gult að lit úr flögubergi. Frekar óreglulegt í laginu. Lengd: 13,8 cm. Breidd: 2,1-2,9 cm.
14770	1951-11	Járnbrot	Sandmúli	Brot	Járn	?	L	Finnur Guðmundsson	1951	Fjölmörg brot úr járni, naglar, rær, ofl.
14771	1951-12	Ísbroddur	Sandmúli	ísbroddur	Járn	1	L	Finnur Guðmundsson	1951	Ísbroddur úr járni. Járnið frekar þunnt, bogmyndað og með töngum að aftan. Broddur er framan á því og upprunalega neðan úr endunum á báðum töngunum. Brotið er aftan úr öðrum tanganum og frambroddurinn er slitinn. Breidd: 2,7 cm. Hæð: 1,5 cm. Þykkt: 0,5 cm.
14772	1951-13	Blágrýtismoli	Sandmúli	Steinn	Steinn	1	L	Finnur Guðmundsson	1909	Ferstrendur, reglulegur, blágrýtismoli. Dökkbrúnn og svartur að lit og er gróp ofan í aðra hliðina sem virðist sorfin með járni. Lengd: 17,9 cm. Breidd: 3,9-4,6 cm.
1972-82	1972-82	Fornleifa fundur	Sandmúli	Forn leifa fundur	Ýmis	?	F	Sigurður Þórarinsson	1972	Ýmsir smáhlutir fundnir í Sandmúlarústum. Nagli, brýnisbrot, 3 glerhallar, brot af hárkambi, rauðablástursgjallmoli, brunnin bein og skeljabrot.
1972-83	1972-83	Hnífur	Hrauntunga Suðurárbotnar	Hnífur	Járn	1	F	Sigurður Þórarinsson	1972	Hnífbrot sem fannst rétt við kolagröf um 30 m suður af smiðjutóft.
1974-262	1974-262	Fornleifa fundur	Sandmúli	Forn leifa fundur	Ýmis	?	L	Kristján Geirmundsson	1974	a) Tvö brýnisbrot. Lengd: 7,4 cm og 3,4 cm. Annað með gati og gæti hafa verið rauf upp í annan endann. b) Nokkrar járnleifar, þ.á.m. tveir hestskónaglar. c) Þrjár beinvölur, tvær úr lömbum en sú þríðja og stærsta gæti verið úr kálfi. d) smáhlutir. e) brýni. f) Skeljabrot.

1977-183	1977-183	Járngjall	Króksdal	Gjall	Járn	1	F	Sigurður Þórarinsson	1977	Gjallkaka úr járni. Talin vera úr smiðju í Króksdal. Lengd: 19 cm. Breidd:19 cm (mest). Þykkt: 3 cm.

Viðbætir.

Fig. 33. Aflhólkurinn á sýningu í Safnahúsinu á Húsavík

Ekki hefur verið skipulega athugað hvort fleiri gripir úr Krókdal gætu leynst á öðrum söfnum en Þjóðminjasafninu en þó er vitað um einn á Byggðasafni Suður Þingeyinga á Húsavík, skv. upplýsingum frá Guðna Halldórssyni í tölvuskeyti 22. nóvember 2006:

Það sem stendur í aðfangaskrá um grip BSÞ Nr. 2424 er eftirfarandi:
"Hólkur -"Aflhólkur" úr smiðju, mjög forn. Aflhólkur var pípan sem tengdi afl og smiðjubelg. Sigurður Teodór Kristjánsson, Halldórsstöðum, Kinn, fann þennan aflhólk er hann var í haustgögnum um 1920, þar sem áður var býlið Helgastaðir, fram með Skjálfandafljóti vestanverðu - langt framan við núverandi byggð. Þar í grennd er Smiðjuskógur (nú örfoka land)."

Þetta var komið hér löngu áður en ég tók hér til starfa en forveri minn Finnur Kristjánsson mun fyrst hafa skráð þetta inn í aðfangabók 1. júlí 1991. Hjá þessum hólki fundust skeljabrot, bein og gjall.

Viðbót í skeyti 27. nóvember 2006:

Mál á hólki eru eftirfarandi:
Heildarlengd: 26.4 cm
Þvermál breiðara op: 3.7 cm
Þvermál þrengra op: 2.5 cm
Breidd á festingarhluta: ein hlið 9.7 cm, önnur 9.4 og tvær 9.2 cm

Fleiri gripir úr Krókdal eru ekki í Byggðasafni Suður Þingeyinga

Orri Vésteinsson

Viðbætur við fornleifaskrá

Frekari fornleifaskráning var ekki markmið vettvangsathugananna á Krókdal sumarið 2005 en þó var nú gengið svæðið milli Krossár og rústanna undir Bálabrekku sem ekki hafði verið skoðað árið áður og var þá hægt að hreinsa upp nokkrar eyður þó lítið bitastætt hefðist upp úr krafsinu. Einkum stóðu vonir til að finna mætti rústir þær sem Steindór Steindórsson segir að séu á milli Sandmúla og Bálabrekku en það tókst ekki. Athyglisverðasti staðurinn frá sjónarmiði byggðasögu er gjalldreifin skammt sunnan við Sandmúlarústir (SÞ-200b:032).

SÞ-644:001 *Sóðastaðir* heimild um tjaldstað 65°08.089 N 17°27.381 V
"Þar eru lágar eyrar við fljótið, Krókdalseyrar, og grastorfur í brekkulögginni, Krókdalstorfur. Norðan við miðjar torfur, rétt suður frá Lambá, er Fagradý, eða öðru nafni Brunnklukkudý. Nálægt miðjum torfunum er tjaldstaður fjárvörzlumanna, Sóðastaðir." segir í örnefnalýsingu (Ö-Austurafrétt Bárðdæla a, 4-5). Þessi staður er sunnan við Þrengsli og hlýtur því að vera átt við Syðri-Lambá í lýsingunni.

Lýsingin í örnefnaskrá er ekki nákvæm og koma allmargir staðir til greina, bæði uppi í hlíðinni og niðri á grónum eyrunum. Smávægileg beinadreif er á mel undir rofabarði um 50 m sunnan við lækjargil sem er næst fyrir sunnan Syðri Lambá, á neðsta hjallanum ofan við fljótið. Þar eru bæði kindabein og eggjaskurn og sum beinin mosavaxin. Þessi staður er á 65°08.089 N 17°27.381 V sk 15 m. Um 100 m sunnar er önnur beinadreif og líka eggjaskurn. Beinin á þessum stað gætu öll verið úr einu lambi.

SÞ-644:002 *Kerlingarflötur* heimild um áningarstað 65°07.731 N 17°27.923 V
"Sunnan við Syðri-Lambá er Kerlingarflötur meðfram fljótinu, norður af Bálabrekku. Dregur trúlega nafn af vörðu, sem þarna var hlaðin. Þarna var góður áningarstaður, en vont að komast upp snarbratta brekku. Varð að krækja hana upp." segir í örnefnalýsingu (Ö-Austurafrétt Bárðdæla a, 5).

Sunnan við Lambá eru sléttar eyrar með fljótinu, grínar, en undir hlíðinni sem tekur við þar sem Skjálfandafljót beygir frá Bálabrekku er aðeins hærri stallur og gæti það verið Kerlingarflötur. Einnig eru sléttir fletir ofar í hlíðinni nær Lambá.

Fig. 34. Bræðslugjallsbreiða sunna við Sandmúla. Maðurinn fyrir miðri mynd er við norðurenda breiðunnar. A spread of smelting slag south of Sandmúli. The man in the middle of the frame stands at the northern end of the spread.

Víði vaxin flöt. Brött brekka er ofan við, sandeyrar að neðan. Engin varða sést nú á þessum slóðum.

SÞ-200b:032 rauðablástur 65°11.810 N 17°21.474 V

Um 1 km sunnan við rústirnar undir Sandmúla, heldur nær Krossá en Sandmúladalsá er stór gjallbreiða fast við veginn að austan. Um 20 m eru milli slóðans og lyngmóaflatar austan og ofan við og kemur gjallið undan henni.

Neðan við víði groan flöt en ofantil við mel. Á svæðinu er einnig mikið af járnfellingarbrotum og jarðvegurinn nær alveg rauður.

Dreifin nær yfir 60x18 m svæði sem snýr norður-suður en gjallið er í nokkrum aðalhrúgum og færri brot á milli. Sumar kökurnar eru allstórar (10-30 sm). Gjallið er laust í sér og stökkt en greinilegir taumar í því.

Conclusions

In the highland section of the Skjálfandafljót valley called Krókdalur there are three known settlement sites, and fourth suspected one under Réttartorfa (Hafurstaðir). Of these three two, undir Sandmúla and Helgastaðir, can be dated to the late Viking age. Helgastaðir was occupied between ~940 and 1104, probably for only a part of that period, and undir Sandmúla was also established after ~940 although its end date is less certain. In both cases the archaeology more or less rests on the V~940 tephra suggesting a start of the occupation in the mid to late 10th century. In both cases the archaeolocical evidence is consistent with a single phase of occupation, perhaps one or two generations, and a likely end date can be ascribed to the early or middle part of the 11th century. Two radiocarbon datings on cow bones from the in situ context [002] in undir Sandmúla (Fig. 35) are consistent with this interpretation, although one has a broad date range to the 11th and 12th centuries.[13]



Figure 35. Calibrated radiocarbon dates on cow bones from undir Sandmúla.

No dating evidence is available from the third site, undir Bálabrekku, but the limited remains there, structural and archaeofauna, are comparable to the other sites, and therefore a Viking age date can be tentatively ascribed to it too.

Only undir Sandmúla has produced significant amounts of artifacts and animal bones and these firmly suggest that this site was a farm, probably not a particularly mean one. In particular the silver hoard suggests high status, as does the large hall (structure 1) which may have had dimensions of ca. 25x9 m, comparable to large halls like Skallakot and Ísleifsstaðir. The hall at undir Bálabrekku is smaller, and may have had a double function as a byre and dwelling, but the combined area of buildings at the two sites is comparable, in fact somewhat

[13] **SUERC-11548:** Bone (cow); Delta C-13: -21,5; C-14 Age: 920; Error (1sigma): 35. **SUERC-11549:** Bone (cow); Delta C-13: -21,9; C-14 Age: 1040; Error (1sigma): 35.

larger at undir Sandmúla, although this is no doubt partly a result of greater deflation and scattering of the building stones. The evidence for stalling at undir Sandmúla suggests a farm and the small animal bone assemblages from there and Helgastaðir are consistent with such an interpretation although they do not prove it. In so far as the evidence allows any conclusion it must be that all three sites were short-lived farms, not necessarily of very low status.

There is tentative evidence for pagan burial in the valley. A spear and sword found together on the eastern side of Skjálfandafljót are suggested by Kristján Eldjárn to come from a pagan burial. Its location is otherwise unknown, but human skeletons are reported in two sites. One is Dysjarhjalli midway between Réttartorfa and undir Sandmúla where a deflated mound and a scatter of human bones was examined in 2004 and Beinagrindarhjalli south of undir Bálabrekku where nothing remains.

There is evidence for iron production associated with all three sites, most closely with Helgastaðir. There is also evidence for iron production at other sites in the valley but apart from a radiocarbon dating made by Sigurður Þórarinsson, suggesting a Viking age date for a site in Smiðjuskógur close to Helgastaðir, none of these have been dated and most will be impossible to date as nothing remains except slag and stones. It is possible that the occupation of the three farm sites was partly linked to iron production but it is also possible that the smelting activity belongs to later periods and reflects a post-farming utilization of the valley.

A small but significant number of artifacts found in Krókdalur have made their way to the National Museum in Reykjavík in the past century and a half. Most of these were found in the context of informal archaeological investigations, scholars poking around the ruins and picking up a few pieces, only some of which were, sometimes much later, donated to the Museum. This collection is particularly significant for undir Sandmúla, especially the well-known Viking age silver hoard found there in 1909. Some artifacts are associated with iron production, but a small number of finds with dates from later centuries (including a 15th-16th century sword, and a clay pipe fragment) are probably evidence of traffic through the valley, which was until the 17th century on the route taken by the bishops of Skálholt when the went on visitations to their churches in the East.

The fieldwork in 2005 showed that the ruins at undir Bálabrekku and undir Sandmúla are completely deflated and that practically no in situ archaeological deposits remain at these sites. It seems likely that it was the final vestiges of such deposits which were identified and retrieved at undir Sandmúla. The archaeological potential of these two sites is therefore practically nill, although they should be monitored, as sunken features may still come to light.

Only Helgastaðir has considerable potential. It seems that the bulk of the archaeological remains is still protected under a thick accumulation of aeolian soil but erosion is steadily biting away at this site which will before long go the same way as the other two unless action is taken.

There are two main questions that now beg answers: One is about the relationship between iron production and farming in Krókdalur. Was iron production a significant component of the economy of these sites – perhaps even the reason for their establishment in the first place? Or does it belong to later periods, once the valley had been abandoned for farming, and if so which?

The other question is about the demise of these settlements. Here the obvious culprit seems to be erosion. After all the valley is now practically a desert and two out of three sites are so eroded that nothing remains except stone. But it is not certain when this erosion started and if experience from other highland margin settlements is anything to go by, this relationship is likely to be a complex one.

Orri Vésteinsson

Samantekt

Í framhaldi af fornleifaskráningu sem gerð var á Krókdal sumarið 2005 voru gerðar minniháttar rannsóknir á þremur stöðum í dalnum sumarið eftir.

Á Helgastöðum var hreinsað snið sem sýndi að þar hefur verið búið milli ~940 og 1104, varla nema hluta þess tíma, e.t.v. eina til tvær kynslóðir. Greinileg ummerki um byggingar sáust einnig, niðurgrafin hús, en þau eru djúpt undir Helgastaðatorfu og verður á þessu stigi málsins ekkert sagt um stærð þeirra eða gerð. Fá dýrabein hafa fundist á Helgastöðum en þau benda til að þar hafi verið búið með nautgripi, sauðfé og geitur. Ekki verður fullyrt að þessar leifar séu eftir bæ, fremur en sel, en þó hníga fleiri rök til þess. Greinileg merki eru um rauðablástur hjá Helgastöðum, en einnig á fleiri stöðum í grendinni sem tengdir eru við örnefnið Smiðjuskóg. Ekki er víst að byggðin á Helgastöðum sé frá sama tíma og rauðablásturinn og vel er hugsanlegt að járn hafi verið unnið á þessum slóðum löngu eftir að byggðin lagðist af.

Undir Bálabrekku, handan Skjálfandafljóts frá Helgastöðum, eru gersamlega blásnar leifar eftir bæ. Uppgröftur sýndi að ekkert er þar eftir af mannvistarlögum og allur jarðvegur blásinn ofan í ísaldarmel. Aðeins eru þar eftir steinadreifar sem gefa hugmynd um staðsetningu og lögun bygginga, dálítið af dýrabeinum og eitt einasta brýni. Dýrabeinin gefa svipaða mynd af búskapnum og á Helgastöðum, en byggingarnar eru það umfangsmiklar að enn meiri líkur verður að telja á að á þessum stað hafi verið búið árið um kring. Hugsanlegt er að undir Bálabrekku hafi verið fjós og mannabústaður undir sama þaki því í stærstu byggingunni voru bæði báshellur og kljásteinahrúga, að líkindum eftir vefstað. Mikill rauði er á bæjarstæðinu og nokkrir blástursgjallmolar hafa fundist þar. Engar beinar vísbendingar er að hafa um aldur minjanna undir Bálabrekku en af almennum líkindum þeirra við bæjarstæðið undir Sandmúla og beinasafnið frá Helgastöðum má halda því fram að þessi bær sé frá sama tíma, seinni hluta víkingaaldar.

Best þekktu rústirnar á dalnum eru undir Sandmúla og hafa gripir lengi verið tíndir þar upp og allmargir þeirra hafa borist Þjóðminjasafninu. Meðal þeirra eru silfursjóður sem þar fannst árið 1909, einn fjögurra sem vitað erum á Íslandi. Eins og undir Bálabrekku eru rústirnar undir Sandmúla blásnar ofan í mel en miklu meira er um beinaleifar á yfirborði og vonir stóðu til að rannsaka mætti þar óhreyfðar öskuhaugsleifar. Þær leifar máttu ekki minni

vera, en þó fannst örlítil sletta sem grafin var upp. Ekki er líklegt að meiri mannvistarlög sé að finna undir Sandmúla. Öfugt við hina staðina tvo er bæði gripa- og dýrabeinasafnið undan Sandmúla alldrjúgt og sýnir ótvírætt að þar hefur verið búið árið um kring, ekki aðeins með nautgripi, sauðfé og geitur heldur einnig svín. Skálarústin er í stærra lagi og silfursjóðurinn bendir sterklega til að þarna hafi ekki verið neitt örreytiskot. Byggðin undir Sandmúla hefur hafist um svipað leyti og á Helgastöðum, laust eftir ~940 en gæti hafa varað heldur lengur þó eflaust muni það ekki miklu.

Allar þessar rannsóknir koma heim og saman við að byggð á Krókdal hafi löngu verið komin í eyði á 13. öld þegar sögur fara fyrst af dalnum. Mögulegt er að rauðablástur hafi verið stundaður þar fram eftir öldum og gripir frá seinni öldum (m.a. sverð frá 15.-16. öld og krítarpípubrot) vitna um umferð um dalinn.

Í fyrri skýrslu voru færð rök fyrir því að bæjarstæði Hafurstaða væri undir Réttartorfu, en þar fyrir utan eru Helgastaðir eini staðurinn á Krókdal þar sem enn eru mannvistarlög sem mætti rannsaka. Mikilsvert væri að fá svör við því hvort og þá hvernig rauðablástur tengdist þessari hálendisbyggð á 10. og 11. öld, eða hvort járnvinnslan tilheyri seinni tímaskeiðum. Einnig er brýnt að rannsaka hvort það hafi verið uppblástur sem kippti stoðunum undan búskap Krókdæla eða hvort að býlin voru yfirgefin af einhverjum öðrum ástæðum og uppblásturinn hafi hafist seinna.